

Nd.

90. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenskra embættis-
manna, lögum 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og
lögum 20. okt. 1913, um hagstofu Íslands.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Á síðasta þingi kom fram frumvarp um breytingu og bætur á launakjör-
um dómara í landsyfirdóminum. Var það samþykkt í efri deild, en neðri deild
afgreiddi frv. með rökstuddri dagskrá. Undirritaður lagði þá til, að deildin vísaði
málinu frá sjer með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að stjórnin skyldi taka upp
launamálið í heild sinni og undirbúa bætur á því. Þetta hefði verið tiltölulega
auðvelt, þar sem vel mátti hafa stuðning af tillögum millipinganefndarinnar, sem
skipuð var 1914, til að rannsaka launa- og eftirlaunamálið. En stjórnin hefir að
eins horið upp frv. það, sem hjer liggur fyrir, um yfirdómara og skrifstofustjóra
í stjórnarráðinu og hagstofustjóran.

Minni hlutinn telur launakjör þessara manna, sjerstaklega yfirdómaranna,
eigi viðsæmandi. Og verður hann því að leggja með því, að frv. stjórnarinnar
verði samþykkt. Stjórnin tekur starfsmenn í æðsta innlenda dómstólnum og æðstu
umboðsstofnun landsins, en hefir slept starfsmönnum í æðstu mentastofnun lands-
ins, háskólanum, enda þótt meginíð af kennurum háskólans eigi við lakari launa-
kjör að búa. Nú hefir háskólaráðið sent bæði fjárveitinganefndum þingsins og
kenslumálaráðherra erindi með mjög rækilegri greinargerð um það, hve óviðunandi
launakjör kennara háskólans eru, og liggur sú greinargerð til sýnis á lestrarsal
Alþingis. Jeg er samþykkur þeirri greinargerð og verð því að leggja til, að upp í frv.
verði tekin ákvæði um endurbætur á launakjörum háskólakennara, og eru við-
aukatill. þar um á þingskj. 91.

Alþingi, 9. maí 1918.

Einar Arnórsson.